

Kjörtímabil nefnda og umboð nefndarmanna falli niður þegar kjörtími hreppsnefndar er á enda. Nema um sé að ræða nefnd sem hefur fengið til úrlausnar ákveðið afmarkað verkefni, þá skal litið svo á, að starfi hennar ljúki fyrst, er verkefnið er til lykta leitt eða hreppsnefnd leggi nefndina niður.

28. gr.

Allar nefndir hreppsnefndar skulu færa gerðabækur um störf sín og skulu gerðir fastanefnda, svo og nefnda, sem hreppsnefnd setur í einstök mál, lagðar fyrir hreppsnefnd til meðferðar og endanlegrar samþykktar eða synjunar.

29. gr.

Nefndarmenn eiga rétt á þóknun fyrir störf sín, samkvæmt reglum sem hreppsnefnd setur, nema annað sé tekið fram í lögum, reglugerðum eða samningum.

Samþykkt þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58/1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1983.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun fjárhæða (frítekjumarks) skv. 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

1. gr.

Fjárhæð 1. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir frá og með 1. júlí 1983:

Fjárhæðir annarra árstekna lífeyrisþega en lífeyris almannatrygginga (og tekna barna), sem ekki skerðir rétt til uppbótar á lífeyri (tekjutryggingar):

Einstaklingar	kr. 26 440,00
Hjón	kr. 37 010,00

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1983.

Matthías T. Bjarnason.

Páll Sigurðsson.